

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Þóris Þorvaldssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 17. ágúst 2020
UST202007-242/Í.M.J.
10.05.00

Efni: Umsögn um mat á umhverfisáhrifum - kjarnorkuver í Suffolk - áhrif yfir landamæri

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif hérlandis í samræmi við 19. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í bréfi meðfylgjandi umsagnarbeiðninni kemur fram að framkvæmdin sem um ræðir er uppbygging á 3.340 MW kjarnorkuveri með tveimur kjarnaofnum sem ber vinnuheitið „The Sizewell C Project“ og er fyrirhugað að verði staðsett í Suffolksýslu á austurströnd Englands.

Niðurstaða skimumar breskra skipulagsyfirvalda er að ekki er talið líklegt að framkvæmdin hafi talsverð umhverfisáhrif hérlandis. Þá kemur fram í umsögn breskra skipulagsyfirvalda að mótvægisáðgerðir til varnar gegn kjarnorkuslysum séu taldar nægilegar og hætta á slysum talin óveruleg.

Umhverfisstofnun telur að sú sérþekking sem nauðsynleg er til að meta áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfið sé ekki til staðar innan stofnunarinnar. Engu að síður telur stofnunin ekki ástæðu til að ætla að niðurstaða breskra stjórnválda sé röng varðandi það hvort framkvæmdin komi til með að hafa talsverð neikvæð umhverfisáhrif hérlandis.

Auk þess bendir stofnunin á að hún hefur ekki skilgreint hlutverk í lögum nr. 44/2002 um geislavarnir en markmið laganna er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum. Hins vegar er uppbygging kjarnorkuvera ávallt háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.



Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Hlín Gísladóttir
lögfræðingur